

Hampiðjan hf.

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2007**

**Samandreginn árshlutareikningur
samstæðu 30. júní 2007**

Efnisyfirlit:	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra.....	1
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda.....	2
Samandreginn rekstrarreikningur.....	3
Samandreginn efnahagsreikningur.....	4
Samandregið yfirlit um breytingar á eigin fé.....	5
Samandregið sjóðstreymi.....	6
Skýringar.....	7 - 19

Hampiðjan hf.
kt. 590169-3079
Flatahrauni 3
Hafnarfirði

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Samandreginn árshlutareikningur Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2007 er samstæðureikningur Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga.

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður félagsins á tímabilinu 5.272 þúsund evrur og eigið fé í lok þess 37.791 þúsund evrur en af þeirri upphæð eru 6.179 þúsund evrur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um rekstur félagsins á tímabilinu og fjárhagsstöðu í lok þess.

Stjórn og forstjóri Hampiðjunnar hf. staðfesta hér með samandreginn árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið janúar til júní 2007 með undirritun sinni.

Hafnarfirði, 24. ágúst 2007

Stjórn:

Bragi Hannesson

Árni Vilhjálmsson

Kristján Loftsson

Sigurgeir Guðmannsson

Jón Guðmann Pétursson

Forstjóri:

Jón Guðmann Pétursson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hampiðjunnar hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2007. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um breytingu á eigin fé, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að samandregni árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga á tímabilinu, efnahag þess 30. júní 2007 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34.

Reykjavík 24. ágúst 2007

PricewaterhouseCoopers hf

Ómar H. Björnsson

Þórir Ólafsson

Samandreginn rekstrarreikningur samstæðu

	Skýringar	1.1. - 30.6 2007	1.1. - 30.6 2006
Sala		26.178	23.415
Beinn framleiðslukostnaður		<u>(17.088)</u>	<u>(15.141)</u>
Framlegð		9.090	8.274
Rekstrarkostnaður		<u>(6.336)</u>	<u>(5.969)</u>
Rekstrarhagnaður fyrir aðrar tekjur (-gjöld)		2.754	2.305
Aðrar tekjur (-gjöld)	5	<u>848</u>	<u>(334)</u>
Rekstrarhagnaður		3.602	1.971
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	7	(253)	(1.109)
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaganna	12	<u>3.094</u>	<u>(2.798)</u>
		2.841	(3.907)
Hagnaður (tap) fyrir skatta		6.443	(1.936)
Tekjuskattur	8	<u>(1.171)</u>	<u>427</u>
Hagnaður (tap) tímabilsins		<u>5.272</u>	<u>(1.509)</u>
Skipting hagnaðar (taps)			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		4.761	(1.247)
Hluti minnihluta í afkomu dótturfélaga		<u>511</u>	<u>(262)</u>
		<u>5.272</u>	<u>(1.509)</u>
Hagnaður (tap) á hlut (sýndur sem EUR cent á hlut)	9	1,06	(0,30)

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu

Eignir	Skýringar	2007	2006
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	10	24.828	24.627
Óefnislegar eignir	11	5.531	5.294
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum	12	12.012	8.216
Fjárfestingar sem haldið er til sölu	13	901	840
Skuldabréf og langtímakröfur	15	72	37
Tekjuskattsinneign	18	561	717
		<u>43.905</u>	<u>39.731</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	14	18.371	18.610
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	15	13.077	12.211
Handbært fé	16	4.041	3.825
		<u>35.489</u>	<u>34.646</u>
Eignir samtals		<u><u>79.394</u></u>	<u><u>74.377</u></u>
Eigið fé			
Hlutfé		5.525	5.525
Yfirverðsreikningur hlutfjár		696	696
Aðrir varasjóðir		(336)	(479)
Óráðstafað eigið fé		25.727	20.779
		<u>31.612</u>	<u>26.521</u>
Hlutdeild minnihluta		6.179	5.621
Eigið fé samtals		<u>37.791</u>	<u>32.142</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	17	21.388	22.484
Tekjuskattsskuldbinding	18	3.770	3.023
		<u>25.158</u>	<u>25.507</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	19	6.302	5.736
Skuldir við lánastofnanir	17	10.143	10.992
		<u>16.445</u>	<u>16.728</u>
Skuldir samtals		41.603	42.235
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>79.394</u></u>	<u><u>74.377</u></u>

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Samandregið yfirlit um breytingar á eigin fé samstæðu

	Hlutafé	Yfir verðs- reikn	Aðrir vara- sjóðir	Óráðst. eigið fé	Hlud. minnihl.	Samtals
Staða 1. janúar 2006	5.568	696	397	23.586	6.142	36.389
Arður til hluthafa				(807)		(807)
Þýðingarmunur			(790)		(173)	(963)
Áhrif hlutdeildarféлага				(1.685)		(1.685)
Tap janúar til júlí 2006				(1.247)	(262)	(1.509)
Staða 30. júní 2006 / 1. júlí 2006	5.568	696	(393)	19.847	5.707	31.425
Þýðingarmunur			(86)		(78)	(164)
Áhrif hlutdeildarféлага				110		110
Keypt eigin hlutabréf	(43)					(43)
Hagnaður júlí til desember 2006				822	(8)	814
Staða 31. desember 2006 / 1. janúar 2007	5.525	696	(479)	20.779	5.621	32.142
Arður til hluthafa				(569)		(569)
Þýðingarmunur			143		47	190
Áhrif hlutdeildarféлага				756		756
Hagnaður janúar - júní 2007				4.761	511	5.272
Staða 30. júní 2007	<u>5.525</u>	<u>696</u>	<u>(336)</u>	<u>25.727</u>	<u>6.179</u>	<u>37.791</u>

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningsskila

Samandregið sjóðstreymi

	Skýringar	1.1. - 30.6 2007	1.1. - 30.6 2006
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		3.602	1.971
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir		830	789
Hagnaður fyrir fjárliði (EBITDA)		4.432	2.760
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	5	(867)	(37)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(159)	934
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		3.406	3.657
Innborgaðir vextir og arður.....		436	263
Greiddir vextir.....		(770)	(785)
Greiddir skattar.....		(209)	(101)
Handbært fé frá rekstri		2.863	3.034
Fjárfestingahreyfingar			
Kaup og sala varanlegra rekstrarfjármuna	10	188	(2.272)
Kaup óefnislegra eigna	11	(377)	(224)
Kaup og sala eignarhluta í öðrum félögum		5	(81)
Skuldabréf og langtímakröfur, breyting		(33)	38
Handbært fé frá fjárfestingum (til fjárfestinga)		(217)	(2.539)
Fjármögnunarahreyfingar			
Skammtímalán, breyting		(1.653)	1.619
Tekin ný langtímalán		1.110	0
Afborganir langtímalána		(1.318)	(1.201)
Arður greiddur til hluthafa		(569)	(807)
Handbært fé frá fjármögnun (til fjármögnunar)		(2.430)	(389)
Hækkun á handbæru fé		216	106
Handbært fé í byrjun árs.....		3.825	1.994
Handbært fé í lok tímabilsins		4.041	2.100

Skýringar á bls. 7 - 19 eru óaðskiljanlegur hluti þessara samstæðureikningskila

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Meginstarfsemi samstæðu Hampiðjunnar hf. og dótturfélaga er framleiðsla og sala á fullbúnum veiðarfærum og íhlutum þeirra.

Hampiðjan hf. er með heimilisfesti á Íslandi. Heimilisfang er skráð að Flatahrauni 3 í Hafnarfirði.

Félagið er skráð á First North hliðarmarkaði Kauphallar OMX á Íslandi.

Stjórn félagsins samþykkti þessi samandregnu reikningsskil 24. ágúst 2007.

2. Reikningsskilaaðferðir

Helstu reikningsskilaaðferðir sem beitt var við gerð þessara reikningsskila eru tilgreindar hér á eftir. Þessum aðferðum var beitt á samræmdan hátt á bæði árin sem sett eru fram, nema annað sé tekið fram.

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Samandreginn árs hlutareikningur samstæðu Hampiðjunnar hf. fyrir tímabilið janúar til júní 2007 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árs hlutareikninga IAS 34.

Samandregni árs hlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð, eins og henni hefur verið breytt með endurmati fasteigna, fjárfestinga sem haldið er til sölu og fjáreigna á gangverði (þ.m.t. afleiðugerninga) sem fært er í rekstrarreikning.

Gerð árs hlutaeikninga í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinnna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 4.

2.2 Samstæðureikningsskil

a) Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Litið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yferráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yferráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Skýringar

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

b) Hlutdeildarfélög

Hlutdeildarfélög eru allar rekstrareiningar sem samstæðan hefur veruleg áhrif í en hefur ekki yfirráð yfir. Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum eru færðar með hlutdeildaraðferð við reikningsskil og eru færðar í upphafi á kostnaðarverði. Hlutur samstæðunnar í hagnaði eða töpum hlutdeildarfélaga eftir kaup er færður í rekstrarreikning og hlutur hennar í hreyfingum eiginfjárreikninga er færður á eigið fé. Uppsafnaðar hreyfingar eftir yfirtöku eru leiðréttar gagnvart bókfærðri fjárhæð fjárfestingarinnar. Þegar hlutur samstæðunnar í töpum hlutdeildarfélagsins er jafnmikill eða meiri en hlutdeild hennar í hlutdeildarfélaginu, þ.m.t. allar aðrar ótryggðar viðskiptakröfur, færir samstæðan ekki frekari töp nema hún hafi stofnað til skuldbindinga eða innt af hendi greiðslur fyrir hönd hlutdeildarfélagsins.

2.3 Starfspáttaskýrslur

Rekstrarstarfspáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar sem fæst við að útvega tiltekna vöru eða þjónustu sem er háð ólíkum þáttum varðandi áhættu og afkomu en þá sem tengist öðrum rekstrarstarfspáttum samstæðunnar. Samstæðan skilgreinir starfsemina sem einn starfspátt.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

(a) Starfrækslugjaldmiðill og reikningsskilgjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

(b) Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðli eru umreiknuð yfir í starfrækslugjaldmiðil á því gengi sem er í gildi á viðskiptadeginum. Hagnaður eða tap, sem stafa af uppgjöri slíkra viðskipta og af umreikningi á gengi peningalegra eigna og skulda í erlendri mynt í lok tímabilsins, eru færð í rekstrarreikning.

(c) Félög samstæðunnar

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðillinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á gengi í lok tímabilsins
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi tímabilsins
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á gengi lok tímabilsins.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Til fasteigna teljast fyrst og fremst verksmiðjur, iðnaðarhúsnæði og skrifstofur. Varanlegir rekstrarfjármunir eru tilgreindir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á viðkomandi eignum.

Viðbótarfjárfesting sem fellur til síðar er innifalin í bókfærðu verði eignarinnar eða færð sem sérgreind eign, eftir því sem við á. Það gerist þó einungis þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur, sem tengist fjárfestingunni, muni í framtíðinni renna til samstæðunnar og að unnt sé að meta kostnaðarverð með öruggum hætti. Viðgerðir og viðhald eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á því tímabili þegar stofnað er til þeirra.

Skýringar

Land er ekki afskrifað. Afskriftir annarra eigna eru reiknaðar þannig að mismunur á kostnaðarverði þeirra og áætluðu hrakvirði er dreift línulega á áætlaðan nýtingartíma eignanna, sem er eftirfarandi:

Vélar og önnur framleiðslutæki	12-15 ár
Bifreiðar	5-9 ár
Fasteignir	25-50 ár
Skrifstofubúnaður og áhöld	3-5 ár
Einkaleyfi	16-20 ár
Hugbúnaður	5-10 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími eru endurskoðað árlega og leiðrétt, ef við á.

Bókfært verð eignar er fært niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra.

Söluhagnaður og -tap reiknast sem mismunur söliverðs að frádregnum kostnaði við sölu og bókfærðs verðs seldra eigna á söludegi. Söluhagnaður og -tap er fært í rekstrarreikning. Þegar endurmetnar eignir eru seldar eru fjárhæðir sem eru innifaldar í öðrum varasjóðum og þeim tengjast, færðar yfir á óráðstafað eigið fé.

2.6 Óefnislegar eignir

(a) Viðskiptavild

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtækis dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfært á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

(b) Einkaleyfi

Einkaleyfi er tilkomið vegna kaupa á útgefnum einkaleyfum og umsóknum á öðrum er lúta að nýtingu þanorku í veiðarfærum þegar þau eru dregin í sjó. Einkaleyfi er fært á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(c) Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma í notkun þessum tiltekna hugbúnaði. Hugbúnaður er færður á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum.

(d) Þróunarkostnaður

Kostnaður tengdur þróun og viðhaldi veiðarfæra er gjaldfærður þegar til hans er stofnað. Kostnaður, sem er beinlínis tengdur framleiðslu aðgreinanlegra og einstakra veiðarfæra sem samstæðan hefur umráð yfir og mun sennilega mynda efnahagslegan ávinning sem er meiri en kostnaður í meira en eitt ár er færður sem óáþreifanlegar eignir. Beinn kostnaður innifelur starfsmannakostnað vegna veiðarfæraþróunar og viðeigandi hluta tilheyrandi óbeins kostnaðar.

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söliverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

Skýringar

2.8 Fjárfestingar

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í kröfur og fjáreignir sem haldið er til sölu. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega.

(a) Kröfur

Kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði og ekki stendur til að selja þær. Þær eru meðal veltufjármuna nema samið sé um gjalddaga sem er síðar en 12 mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings. Kröfur eru innifaldar meðal viðskiptakrafna og fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi.

(b) Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar haldið til sölu eru ekki afleiður og hafa ekki verið skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar meðal fastafjármuna nema stjórnendur ætli sér að selja þær innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innfalin í kaupverði. Fjárfestingar til sölu eru eftir það bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út úr efnahagsreikningi þegar réttindi til sjóðstreymis þeirra eru útrunnin eða þegar samstæðan hefur flutt áhættu og ávinning af fjárfestingunni. Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingar til sölu er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönum. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýmun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön fyrir vilnun sem eru sérsniðin til að endurspeglar sérstakar aðstæður útgefandans.

Á sérhverri dagsetningu efnahagsreiknings metur samstæðan hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað í virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðmæti bréfanna hafi lækkað. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlægð úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunartöp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

2.9 Birgðir

Hráefni eru metin á innkaupsverði. Kostnaðarverð vara í framleiðslu og fullunninna vara samanstandur af beinum launa- og efniskostnaði ásamt öðrum kostnaði sem beint eða óbeint tengist framleiðslu varanna. Kostnaðarverð er ákvarðað með því að nota "fyrst inn-, fyrst út" aðferðina (FIFO-aðferðina). Birgðir samanstanda af netum, köðlum, járnvörum, veiðarfærum, vörum í vinnslu og hráefnum til neta, kaðla og hleraframleiðslu. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

Skýringar

2.10 Verk í vinnslu

Umsamin verk í vinnslu eru metin miðað við söluverð að teknu tilliti til framgangs þeirra. Ef ljóst er að tap verður á verkinu þá er það innleyst strax.

2.11 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókom samstæðunnar.

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innfelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttakið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur af tímabundnum mismunum milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum er færður að fullu til skuldar. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings eða fyrir liggur að verði lögleidd og vænst er að verði í gildi þegar tengd frestuð skattin eign er innleyst eða frestaða tekjuskattskuldbindingin er gerð upp.

Frestaður tekjuskattur vegna tímabundinna mismuna sem stafa af fjárfestingum í dótturfélögum og hlutdeildarfélögum er færður nema þegar samstæðan stjórnar því hvenær tímabundni mismunurinn er bakfærður og líklegt er að tímabundni mismunurinn muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

Frestaðar skattin eignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

2.16 Starfsmannasamningar

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

- það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákvæðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum, er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

Skýringar

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur samanstanda af gangvirði vegna sölu á vörum og þjónustu, að frádregnum virðisaukaskatti og afslætti og eftir að innbyrðis sala innan samstæðunnar hefur verið felld niður.

(a) Sala á vöru og þjónustu

Sala á vöru er færð á því reikningsskilatímabili sem varan er afhent og sala á þjónustu er færð á því reikningstímabili sem þjónustan er innt af hendi með áfangaaðferð.

(b) Arðstekjur

Arðstekjur eru færðar þegar réttur til að taka á móti greiðslu er fastsettur.

2.19 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu (að frádregnum öllum hvatagreiðslum móttæknum frá leigusala) eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

3. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmis konar fjárhagsáhættu, þar með talið gjaldmiðlaáhættu, greiðsluhæfisáhættu og vaxtaáhættu. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt að draga sem mest úr hugsanlegum neikvæðum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar.

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

Skýringar

5. Aðrar tekjur (-gjöld)

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Aðrar tekjur (-gjöld) greinast þannig:		
Hagnaður vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna og byggingaréttar	867	37
Einskiptiskostnaður v. aflagðrar starfsemi	(19)	(371)
	<u>848</u>	<u>(334)</u>

6. Laun og launatengd gjöld

Starfsmannamál

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Laun og launatengd gjöld sundurliðast þannig:		
Laun	5.735	5.625
Launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður	1.162	1.086
	<u>6.897</u>	<u>6.711</u>

Fjöldi starfsmanna á tímabilinu 553 539

Félagið hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Framleiðslukostnaður	3.957	3.653
Annar rekstrarkostnaður	2.940	3.058
	<u>6.897</u>	<u>6.711</u>

7. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Vaxtatekjur	90	51
Vaxtagjöld	(888)	(673)
Gengismunur	419	(490)
Söluhagnaður (-tap) og niðurfærsla hlutabréfa, fenginn arður	126	3
	<u>(253)</u>	<u>(1.109)</u>

8. Tekjuskattur

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Tekjuskattur til greiðslu	314	117
Frestaður tekjuskattur (Skýring 18)	857	(544)
	<u>1.171</u>	<u>(427)</u>

9. Hagnaður (tap) á hlut

Hagnaður (tap) á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vagnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2007	2006
Hagnaður (tap) á tímabilinu (þúsundir evra)	5.272	(1.509)
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	499.292	499.792
Hagnaður (tap) á hlut (EUR cent)	<u>1,06</u>	<u>(0,30)</u>

Heildarfjöldi hluta nemur 500 milljónum, þar af eru eigin hlutir 708 þúsund, hver að nafnverði 1 ISK. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Engin breyting varð á fjölda hluta á tímabilinu.

10. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir	Vélar, áhöld og tæki	Samtals
Miðað við 1. janúar 2006			
Kostnaðarverð	17.719	15.600	33.319
Uppsafnaðar afskriftir	(3.015)	(5.897)	(8.912)
Bókfært verð	<u>14.704</u>	<u>9.703</u>	<u>24.407</u>
Sex mánuðir janúar til júní 2006			
Bókfært verð í 1. janúar 2006	14.704	9.703	24.407
Gengismunir	(565)	(233)	(798)
Viðbætur	2.097	479	2.576
Sala	(184)	(82)	(266)
Afskriftir	(135)	(514)	(649)
Bókfært verð 30. júní 2006	<u>15.917</u>	<u>9.353</u>	<u>25.270</u>
Miðað við 30. júní 2006			
Kostnaðarverð	18.499	15.200	33.699
Uppsafnaðar afskriftir	(2.583)	(5.846)	(8.429)
Bókfært verð	<u>15.916</u>	<u>9.354</u>	<u>25.270</u>
Miðað við 30. júní 2006			
Bókfært verð í 1. júlí 2006	15.916	9.354	25.270
Gengismunir	175	(49)	126
Viðbætur	2.703	507	3.210
Sala	(2.994)	(326)	(3.320)
Afskriftir	(159)	(500)	(659)
Bókfært verð 31. desember 2006	<u>15.641</u>	<u>8.986</u>	<u>24.627</u>
Miðað við 1. janúar 2007			
Kostnaðarverð	17.837	14.535	32.372
Uppsafnaðar afskriftir	(2.196)	(5.549)	(7.745)
Bókfært verð	<u>15.641</u>	<u>8.986</u>	<u>24.627</u>
Sex mánuðir janúar til júní 2007			
Bókfært verð í byrjun árs	15.641	8.986	24.627
Gengismunir	147	62	209
Viðbætur	1.040	522	1.562
Sala	(869)	(15)	(884)
Afskriftir	(138)	(548)	(686)
Bókfært verð 30. júní 2007	<u>15.821</u>	<u>9.007</u>	<u>24.828</u>
Staða 30. júní 2007			
Kostnaðarverð	18.191	15.194	33.385
Uppsafnaðar afskriftir	(2.370)	(6.187)	(8.557)
Bókfært verð 30. júní 2007	<u>15.821</u>	<u>9.007</u>	<u>24.828</u>

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2007 1.1. - 30.6	2006 1.1. - 30.6
Framleiðslukostnaður	513	479
Annar rekstrarkostnaður	173	170
	<u>686</u>	<u>649</u>

11. Óefnislegar eignir

	Viðskipta- vild	Einkaleyfi	Hugbún. og þróunar- kostn.	Samtals
Miðað við 1. janúar 2006				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	921	6.245
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(288)	(277)	(794)
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.489</u>	<u>644</u>	<u>5.451</u>
Sex mánuðir janúar til júní 2006				
Bókfært verð í 1. janúar 2006	2.318	2.489	644	5.451
Gengismunir	0	(41)	(14)	(55)
Viðbætur	0	0	224	224
Afskriftir	0	(82)	(58)	(140)
Bókfært verð 30. júní 2006	<u>2.318</u>	<u>2.366</u>	<u>796</u>	<u>5.480</u>
Miðað við 1. janúar 2006				
Kostnaðarverð	2.547	2.734	1.118	6.399
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(368)	(322)	(919)
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.366</u>	<u>796</u>	<u>5.480</u>
Sex mánuðir júlí til desember 2006				
Bókfært verð í 1. júlí 2006	2.318	2.366	796	5.480
Gengismunir	0	41	2	43
Viðbætur/sala	0	0	(92)	(92)
Afskriftir	0	(85)	(52)	(137)
Bókfært verð 31. desember 2006	<u>2.318</u>	<u>2.322</u>	<u>654</u>	<u>5.294</u>
Miðað við 1. janúar 2006				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	1.029	6.353
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(455)	(375)	(1.059)
Bókfært verð	<u>2.318</u>	<u>2.322</u>	<u>654</u>	<u>5.294</u>
Sex mánuðir janúar til júní 2007				
Bókfært verð í byrjun árs	2.318	2.322	654	5.294
Gengismunir	0	0	4	4
Viðbætur	0	0	377	377
Afskriftir	0	(83)	(61)	(144)
Bókfært verð 30. júní 2007	<u>2.318</u>	<u>2.239</u>	<u>974</u>	<u>5.531</u>
Bókfært verð 30. júní 2007				
Kostnaðarverð	2.547	2.777	1.416	6.740
Uppsafnaðar afskriftir	(229)	(538)	(442)	(1.209)
Bókfært verð 30. júní 2007	<u>2.318</u>	<u>2.239</u>	<u>974</u>	<u>5.531</u>

Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:

	2007 1.1. - 30.6	2006 1.1. - 30.6
Framleiðslukostnaður	66	64
Annar rekstrarkostnaður	78	76
	<u>144</u>	<u>140</u>

Virðisrýrnunarpróf vegna viðskiptavildar:

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Í þessum útreikningum eru notaðar sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum stjórnenda og ná yfir fimm ára tímabil. Sjóðstreymi sem nær til lengri tíma en fimm ára er framreiknað með áætluðum vaxtarhraða (2,5%), framlegð (28-30%) og ávöxtunarkröfu (4-8%).

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðasþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem fram koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunarstuðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspeglar sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfsþáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýrnunartaps á árunum 2007 og 2006.

12. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutur í hlutdeildarfélagi greinist þannig:

	Eignarhluti	Hlutdeild í hagnaði	Bókfært verð
HB Grandi hf	9,38%	3.094	12.012

Áætlað markaðsvirði eignarhluta Hampiðjunnar í HB Granda hf. miðað við síðasta skráða viðskiptagengi var í lok tímabilsins 22,8 milljón evra.

13. Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar sem haldið er til sölu greinast þannig:

	Nafnverð	Bókfært verð
Net Services Shetland ltd		564
Síldarvinnslan hf	36	175
Önnur félög		162
		<u>901</u>

14. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

	30/6 2007	31/12 2006
Net, kaðlar, járnvara, veiðarfæri og aðrar afurðir	16.247	16.304
Vörur í vinnslu	1.086	1.079
Hráefni fyrir hlera, neta- og kaðlaframleiðslu	1.038	1.227
	<u>18.371</u>	<u>18.610</u>

15. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

	30/6 2007	31/12 2006
Viðskiptakröfur	9.629	9.620
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(430)	(569)
Viðskiptakröfur nettó í árslok	<u>9.199</u>	<u>9.051</u>
Skuldabréf og aðrar kröfur	3.950	3.197
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur í árslok	<u>13.149</u>	<u>12.248</u>
Þar af langtímakröfur	(72)	(37)
	<u>13.077</u>	<u>12.211</u>

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 430 þúsund evrur í efnahagsreikningi samstæðunnar og greinist niðurfærslureikningurinn á eftirfarandi hátt:

	2007	2006
	1.1. - 30.6	1.1. - 30.6
Niðurfærsla í byrjun árs	569	623
Endanlega tapaðar kröfur á árinu	(34)	(95)
Breyting niðurfærslu á árinu	(105)	(51)
	<u>430</u>	<u>477</u>

16. Handbært fé

	30/6 2007	31/12 2006
Handbært fé í banka sem reiðufé og aðrar skammtímafjárfestingar	<u>4.041</u>	<u>3.825</u>

17. Lántökur

Langtímaskuldir greinast þannig í efnahagsreikningi:

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum	23.458
Skuldir í íslenskum krónum	<u>1.331</u>
	<u>24.789</u>

Lántökur eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar eftirstöðvum skulda.

Langtímaskuldir greinast þannig eftir gengistryggingarákvæðum:

ISK	5,4%	1.331
EUR	72,9%	18.071
CAD	0,3%	66
CHF	11,8%	2.928
JPY	2,0%	501
DKK	6,3%	1.567
NZD	1,3%	325
	<u>100%</u>	<u>24.789</u>

Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok tímabilsins greinast þannig á næstu ár:

Tímabilið 1. júlí 2007 - 30. júní 2008	3.401
Tímabilið 1. júlí 2008 - 30. júní 2009	2.472
Tímabilið 1. júlí 2009 - 30. júní 2010	2.161
Tímabilið 1. júlí 2010 - 30. júní 2011	1.969
Síðar	<u>14.786</u>
	<u>24.789</u>

Skuldir við lánastofnanir koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	21.388
Afborganir næstu 12 mánaða, færðar á meðal skammtímaskulda	3.401
Bankalán til skammtíma færðar meðal skammtímaskulda	<u>6.742</u>
	<u>10.143</u>

18. Frestaður tekjuskattur

Breyting á frestuðum tekjuskatti á árinu greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun 2006	3.041
Tekjuskattur á tímabilinu janúar til júní 2006	(427)
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(117)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(263)
Tekjuskattskuldbinding 30. júní 2006	<u>2.234</u>
Tekjuskattskuldbinding 1. júlí 2006	2.234
Tekjuskattur á tímabilinu júlí til desember 2006	261
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(96)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(93)
Tekjuskattskuldbinding 31. desember 2006	<u>2.306</u>
Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun 2007	2.306
Tekjuskattur á tímabilinu janúar til júní 2007	1.171
Tekjuskattur til greiðslu á næsta ári	(314)
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	46
Tekjuskattskuldbinding 30. júní 2007	<u>3.209</u>

Frestaður tekjuskattur greinist þannig á eftirfarandi liði:

	30/6 2007	31/12 2006
Varanlegir rekstrarfjármunir	2.505	2.465
Eignarhlutir í félögum	1.197	474
Aðrir efnahagsliðir	68	84
Tekjuskattskuldbinding í lok ársins	<u>3.770</u>	<u>3.023</u>
Yfirfæranlegt skattalegt tap, eignfærsla	(561)	(717)
	<u>3.209</u>	<u>2.306</u>

19. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	30/6 2007	31/12 2006
Viðskiptaskuldir	4.330	4.452
Aðrar skammtímaskuldir	1.972	1.284
	<u>6.302</u>	<u>5.736</u>

20. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila:

Dótturfélög, hlutdeildarfélag, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar samstæðunnar.

Tengdir aðilar með veruleg áhrif:

Samstæðan átti viðskipti á árinu við hlutdeildarfélagið HB Granda hf. og voru viðskiptin við félagið eins og um ótengdan aðila væri að ræða.

Gerður hefur verið samningur við forstjóra félagsins um bónusgreiðslu sem tekur mið af gengi hlutabréfa Hampiðjunnar á hlutabréfamarkaði. Bónusinn getur numið allt að 4% af verðmætaaukningu félagsins umfram það sem gengið 8,0 gefur.

21. Árs helmingayfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á árs helminga:

	jan.-jún. 2007	júlí - des. 2006	jan.-jún. 2006	júlí - des. 2005	jan.-jún. 2005
Rekstrartekjur	27.026	23.089	23.081	22.994	26.937
Rekstrargjöld án afskrifta	(22.594)	(19.941)	(20.321)	(19.350)	(23.944)
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)	4.432	3.148	2.760	3.644	2.993
Afskriftir	(830)	(796)	(789)	(874)	(866)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	3.602	2.352	1.971	2.770	2.127
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.841	(1.277)	(3.907)	(457)	421
Hagnaður (tap) fyrir skatta	6.443	1.075	(1.936)	2.313	2.548
Tekjuskattur	(1.171)	(261)	427	(316)	(445)
Hagnaður (tap) árs helminga	5.272	814	(1.509)	1.997	2.103

22. Yfirlit yfir dótturfélög

	Eignarhluti	Staðsetning
Hampidjan Baltic UAB	100%	Litháen
Hampidjan HiTec Ropes AS	100%	Noregi
Hampidjan Namibia LTD	100%	Namibíu
Hampidjan New Zealand LTD	100%	Nýja Sjálandi
Rope Net and Twine LTD	100%	Kanada
Hampidjan USA Inc	100%	Bandaríkjunum
OTTER Ultra Low Drag LTD	100%	Cayman Island
Balmar - Fios, Lda	100%	Portúgal
Cosmos Trawl A/S	60%	Danmörku
Swan Net Gundry LTD	53,4%	Írlandi
Fjarðanet hf.	50,4%	Íslandi